

Ágætu Bifrestingar og gestir

Til hamingju öll með þennan útskriftardag sem í senn lokar einum kafla í lífi okkar og opnar annan.

Útskriftardagurinn er dagur stoltsins og ánægjunnar af árangursríkum verklokum í þeim áföngum sem voru undir í náminu. Hugurinn leitar líka til framtíðarinnar þar sem ný verkefni bíða í námi eða starfi. Dagurinn markar því bæði endalok og nýtt upphaf.

Útskriftardagurinn er kveðjustund. Við sem störfum hér við skólann kveðjum útskrifaða nemendur sem hafa látið til sín taka síðastliðinn vetur. Mörgum ykkar munum við heilsa að hausti í nýjum áföngum hér í skólanum en aðrir hverfa á braut til frekara náms í öðrum háskólum eða halda út á vinnumarkaðinn. Við erum þakklát ykkur öllum fyrir samveruna. Þið, kæru nemendur, hafið verið miðpunkturinn í skólastarfinu og það eruð þið sem skapið braginn í skólanum ekki síður en við starfmennirnir. Við höfum kynnst ykkur, við vonum að þið hafið lært eitthvað merkilegt hjá okkur og við höfum miklar væntingar um velgengni ykkar í hverju því sem þið kjósið að taka ykkur fyrir hendur.

Þið kveðjið líka hvert annað. Hjá ykkur sem haldið áfram námi í skólanum er stutt í að þið hittist á ný en lengra getur liðið í endurfundi ykkar sem haldið á braut. Á kveðjustund útskriftardagsins eru hnútar vináttubandanna hertir og samstaðan og samkenndin svífa um sali hér á Bifröst. Það er sagt að sterkustu vinabönd einstaklinga myndist á skólaárunum í menntaskóla og háskóla. Á þessum tíma þroskast fólk saman, lærir að vera sammála og ósammála, rífast og sættast, bera virðingu fyrir samferðafóki sínu og meta ólíka kosti hvers og eins. Þegar þið komið út á vinnumarkaðinn og farin að glíma við alls konar verkefni og alls konar fólk er fátt eins verðmætt og geta sagt: „Já, ég þekki hana, hún var með mér á Bifröst, frábær stelpa, ég skal heyra í henni, þetta hlýtur að ganga.“

Ég sé líka að það er mikil birta hér inni. Birtan er í augunum á ykkur ágætu Bifrestingar. Það er Bifrastarglampinn, eitt helsta vörumerki skólans. Hann hefur kviknað og skín skært í dag. Þið munið alltaf þekkjast á þessum glampa sem kemur í augu ykkar þegar þið minnist tímans hér á Bifröst. Fyrir skólann er þetta frábært vörumerki sem þið sjáið um að auglýsa alla ævi. Við viljum að þið ræktið félagsskapinn og vináttuna hvert við annað allt lífið og talið sem mest um

Bifröst. Þá lýsið þið bæði upp ykkar tilveru og skapið ánægjulegt andrúmsloft hjá öllum sem verða Bifrastarglampans aðnjótandi.

„Enginn verður óbarinn biskup“ hafa Íslendingar sagt alla vega allt frá dögum Guðmundar góða. Það á örugglega við í öðru samhengi hjá mörgum ykkar sem útskrifist nú í dag. Þið hafið öll þurft á leggja á ykkur erfiði til þess að ná settu marki og mörgum ykkar hefur eflaust þótt álagið óbærilegt á einhverjum augnablikum. Háskólinn á Bifröst gefur sig ekki út fyrir annað en að fólk þurfi að taka hraustlega á til að ná í gegn. En þið hafið sýnt að þið hafið metnað. Og það viljum við einmitt leggja rækt við hér á Bifröst. Sem minnir mig á gamla sögu af manni á Sauðárkróki af Briemsætt sem hafði metnað en fannst hann ekki vera að ná árangri og stundi einhvern tímann: „Það er hart að heita Briem og hafa ekki til þess unnið.“ Samferðamenn á Króknum voru fljótir að breyta þessu í: „Það er hægt að heita Briem og hafa ekki til þess unnið.“ En hér á Bifröst erum við ekkert að tvínóna við þessa hluti og segjum: „Það er hart að verða Bifrestingur“ og þið sem eruð að útskrifast hér í dag hafið lagt mikið á ykkur, unnið fyrir gráðunni og eigið skilið að vera kölluð Bifrestingar.

Háskólinn á Bifröst á sér þrjú grunngildi, sem eru frumkvæði, ábyrgð og samvinna. Allt starf skólans miðast við að leggja rækt við þessi gildi. Ég hef rætt um metnaðinn sem er meðal bestu mannsins dyggða og sannur Bifrestingur er þeirri dyggð prýddur. Og við tengjum metnaðinn við frumkvæði einstaklingsins. Við viljum mennta fólk til forystu í atvinnulífinu og samfélaginu. Bifrestingar vilja láta til sín taka og skilja eitthvað eftir sig. Frumkvæði er okkar gildi vegna þess að útskrifaðir Bifrestingar eiga að geta tekið málin í eigin hendur þegar þeir fá ekki allt upp í hendurnar frá öðrum. Við þurfum á slíku fólk að halda Íslendingar.

En svo kemur ábyrgðin. Það skiptir máli að þekkja muninn á metnaði og græðgi. Meðan metnaðurinn er dyggð er græðgin löstur. Og græðgina og ábyrgðarleysið getum við tengt saman. Hversu oft höfum við ekki séð besta fólk verða græðginni að bráð? Taka áhættu umfram eigin getu og stofna sjálfum sér og fjölskyldu sinni í hættu. Jafnvel öllu samfélaginu. Græðgin er ekki nýtt fyrirbæri, hvorki í Íslandssögunni né í mannkynssögunni. Þessi löstur er samofinn mannseðlinu og við getum þess vegna endurritað mannkynssöguna undir yfirskriftinni: „Frá hrúni til

hruns.“ Og sjálfsagt er líka hægt að búa til framtíðarskáldsögur um sama efni.

Það breytir því ekki að við þurfum að berjast við lesti okkar, þar með talda græðgina. Við verðum að vera meðvituð og gæta okkar og sýna ábyrgð. Taka tillit til annarra. Taka tillit til umhverfisins. Að sýna ábyrgð þýðir ekki að við hættum að taka áhættu. Við verðum alltaf að taka áhættu í lífinu. Hver hin minnsta hreyfing okkar felur í sér áhættu. Hreyfingarleysið felur ekki síður í sér áhættu. Við veljum ekki einu sinni maka án þess að taka áhættu og hvað þá þegar við viljum eignast börn. Áhættan er hluti af lífinu. Það er getan til að taka áhættu sem skipti máli. Bæði að meta áhættu rétt og svo að hafa styrk til að þola áföll þegar hlutirnir ganga ekki eins og við viljum eða gerum ráð fyrir.

Við tökum áhættu þegar við lærum, veljum okkur fag. Við verðum að sýna frumkvæði í náminu, við náum ekki prófum nema að leggja á okkur. Enginn gerir það fyrir okkur hér á Bifröst. En við sýnum líka ábyrgð. Við vitum ekki nákvæmlega hver vegferð okkar verður eða hvar við endum þegar við hefjum námið. En ábyrgðin felst í því að tryggja að við kunnum að læra og kunnum að aðlaga okkur að breytingum og innbyrða nýja

þekkingu. Enginn getur búist við því nú á tímum að vera alltaf í sama starfi út starfsævina og við minnkum áhættuna á áfalli og atvinnumissi með því að passa okkur á því að vera alltaf móttækileg fyrir nýjungum og geta skapað okkar eigin störf.

Svo er það samvinnan. Háskólinn á Bifröst er reistur á grunni samvinnuhugsjónarinnar og það er okkar arfleifð að varðveita hana og halda á lofti. Ekkert gerist í nokkru samfélagi án samvinnu. Samvinna snýst um meira en eitt félagsform í atvinnurekstri. Vissulega þarf að vera fullt svigrúm fyrir það félagsform í atvinnulífinu og Háskólinn á Bifröst er einmitt vettvangur til hugmyndavinnu um hvernig samvinnurekstur getur þróast sem mikilvægur hluti af framtíðaratvinnulífi okkar Íslendinga. Samvinnan er mikilvæg í öllum fyrirtækjum og stofnunum og samfélaginu öllu. Fólk er hvarvetna að vinna saman að verkefnum þar sem það þarf að gefa af sér og setja líka traust sitt á aðra. Í misserisverkefnum hér á Bifröst er leitast við að efla samvinnugetu nemendanna. Þar eru samvinnan og frumkvæðið leiðin til árangurs.

Ég er oft hugsí þegar fólk spyr spurninga eða lætur orð falla sem lýsa því viðhorfi að samtök atvinnurekenda og

verkalýðshreyfingin væru andstæðingar. Ekkert er í raun fjarri lagi. Hvaða fyrirtæki nær árangri þar sem stjórnendur líta á starfsmenn sína sem andstæðinga? Eða þar sem starfsmenn líta á stjórnendur sem andstæðinga? Mér þætti fróðlegt að sjá slíkt fyrirtæki. Eða hvaða fyrirtæki nær árangri sem lítur á viðskiptavinum sína sem andstæðinga? Þurfa fyrirtæki ekki oftast að semja um verð við sína viðskiptavinum eða ákveða verð þannig að viðskiptavinurinn sé sáttur? Er það ekki eðlilegur hluti af öllum rekstri? Nákvæmlega það sama á við um vinnumarkaðinn? Þar þarf að semja um kaup og kjör en í því felst ekki að viðsemjendurnir séu andstæðingar heldur þvert á móti. Eftir því sem samvinnan en þéttari á milli aðila eru meiri líkur á góðum árangri.

Með samvinnu hafa aðilar vinnumarkaðarins lyft Grettistöku s.s. í uppbyggingu lífeyrissjóðakerfisins. Þar hafa Bifrastargildin, frumkvæði, ábyrgð og samvinna vissulega verið í fyrirrúmi. Aðilar vinnumarkaðarins hafa líka verið að vinna saman á sviði starfsmenntunar. Þar hefur náðst góður árangur nú þegar en þetta er sífellt viðfangsefni sem aldrei lýkur. Og ég nefni líka starfsendurhæfinguna sem er nýjasta stóra samstarfsverkefnið. Við Íslendingar höfum verið að missa alltof marga út af vinnumarkaði í örorku.

Nýliðun á vinnumarkaðnum hefur jafnvel verið í hættu vegna sívaxandi örorku og kostnaðurinn fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga og samfélagið er hár og síxvaxandi. Aðilar vinnumarkaðarins tóku sig til og ákváðu að fjárfesta í starfsendurhæfingu og reyna að halda fólki inni á vinnumarkaðnum. Fyrst var þetta gert við litla hrifningu ýmissa stjórnámálanna og embættismanna sem töldu þetta vera sitt mál. En því var bara ekki sinnt. Enn og aftur skiptu Bifrastargildin máli; frumkvæði, ábyrgð og samvinna. Árangurinn af samvinnu aðila vinnumarkaðarins var ótvíræður. Nýgengi örorku minnkaði í efnahagshruninu þrátt fyrir að allar spár og reynsla segðu að öryrkjum myndi fjölga stórlega.

Við skulum því vera stolt af þeim gildum sem Háskólinn á Bifröst stendur fyrir. Þessi gildi eru engin tilviljun eða ákveðin út í loftið. Bifrastargildin skipta alltaf máli. Þau eru frábær leiðarljós í öllu okkar starfi. Forystumenn í fyrirtækjum og samfélagi sem tileinka sér vinnubrögð byggð á þessum gildum munu ná árangri. Þeim vex fátt í augum. Þeir koma hlutum í verk. Þeir hafa fólkið með sér.

Ágætu Bifrestingar og gestir.

Það er sannarlega myndarlegur hópur að útskrifast hér í dag. Hann lýsir vel þeirri endurnýjun sem við erum reyna að ganga í gegnum hér í Háskólanum á Bifröst. Snemma á síðasta ári var tekin sú ákvörðun að fella niður skólagjöld í Háskólagáttinni okkar en taka í staðinn upp hóflegt innritunargjald. Það hafði í för með sér sprengingu í aðsókn í aðfararnámið, hátt í 170 nemendur byrjuðu í Háskólagáttinni síðastliðið haust. Nú útskrifum við nálægt 100 þeirra sem með því hafa opnað dyrnar að háskólanámi hér á Bifröst eða annars staðar.

Háskólinn á Bifröst mun halda áfram að bjóða upp á námið í Háskólagáttinni með hóflegu innritunargjaldi þótt hann hafi ekki bolmagn til að hafa það jafn lágt og á líðandi skólaári. Umsóknir inn í Háskólagáttina hafa engu að síður verið margar. Við sjáum fram á fjölmenna og líflega Háskólagátt næsta skólaár þótt þið sem hér sitjið verði líklega seint sleginn út hvað fjöldann varðar. Svo bíðum við og sjáum til með líflegheitin. Það er kannski erfitt að keppa við ykkur á því sviði líka.

Næsta haust munum við skipuleggja allt nám í lotukennslu og kenna í sama rennsli kúrsana í staðnámi og fjarnámi. Hefðbundir fyrirlestrar fara úr tímum sem þá verða í staðnáminu notaðir til verkefnavinnu og umræðna. Við erum líka að fíkra okkur inn í tækni sem gerir fjarnemum kleift að fylgjast með tímum ef það á við. Bæði með fjarfundabúnaði og snertiskjám sem eiga að leysa hefðbundnar skólatöflur af hólmi. Þá eiga allir nemendur að geta verið með töfluna í tölvunni hjá sér. Anna Elísabet Ólafsdóttir, aðstoðarrektor, og hennar lið hafa unnið þekvirki í endurskipulagningu alls skólastarfsins til að ná þessu fram.

Í grunnnáminu bjóðum við upp á nýja línu, matvælaekstrarfræði, sem er huti af viðskiptafræðinni. Þar verða kennd ákveðin grunnfög í viðskiptafræði en síðan til viðbótar er lögð áhersla á fög sem ná utan um alla virðiskeeðjuna í framleiðslu, dreifingu og sölu matvæla. Umsóknir í þetta nám benda til þess að það muni fara vel af stað. Þetta nám hefur líka verið hvatning til fólks sem vinnur í matvælafyrirtækjum að drífa sig í nám og byrja í Háskólagáttinni, ljúka henni og koma svo í matvælaekstrarfræðina.

Við sækjum verulega fram í meistaranáminu. Við höfum þróað tvær nýjar línur út úr náminu í alþjóðaviðskiptum. Önnur línan er alþjóðastjórnsmálhagfræði sem skapar nýja möguleika fyrir þá sem útskrifast út úr HHS náminu hjá okkur og svo fyrir þá sem hafa grunn í stjórnsmálafræði eða skyldum greinum. Þessi lína fer líka vel af stað. Hin meistaralínan er forysta og stjórnun. Hún hefur hvorki meira né minna en slegið í gegn og hópurinn sem þar hefur nám verður sá langstærsti í sögu meistaranáms við Háskólann á Bifröst. Þessi aðsókn er mikil viðurkenning fyrir skólann og þá sérstaklega Sigurð Ragnarsson, sviðsstjóra viðskiptasviðsins, sem hafði frumkvæði að þessu námi. Út frá menningastjórnuninni erum við síðan að þróa leið fyrir skólastjórnendur sem er eftir beiðni fólks úr þeim hópi og það verður spennandi að sjá hvernig það nám þróast en fyrsti hópurinn lofar góðu.

Við væntum þess að nemendum fjölgi nokkuð í Háskólanum á Bifröst á næsta skólaári og að við náum að komast í góðan vaxtargír eftir varnarbaráttu undanfarinna ára. Við höfum verið nokkuð undir viðmiðunum í nemendafjölda en fengum góða viðspyrnu nú í vetur sem við viljum nýta til að sækja enn frekar fram á næstu árum.

Á næsta ári horfum við til nýrra sóknarsviða. Sérstaklega vil ég nefna nýja línu í grunnnámi í viðskiptafræði sem við köllum þjónustufræði og er byggð upp með sambærilegum hætti og matvælarekstrarfræðin. Það nám byrjar haustið 2015. Símenntunin er svo annað sóknarsvið sem við munum leggja áherslu á. Við höfum þegar hafið fjárfestingar í nýrri sókn í símenntun sem munu vonandi fara að skila sér strax í haust.

Það er margt í gangi hér á Bifröst og við höfum ótal járn í eldinum. Ef einhver efast eftir þessa upptalningu vil ég biðja þann hinn sama að kíkja út í Vikrafell á eftir og skoða sýninguna um íslenskt atvinnulíf sem opnaði um síðustu helgi. Þar erum við að draga fram hvaða verðmæti fólk í íslenskum fyrirækjum er að skapa. Við erum aldrei nógu oft minnt á það að verðmætasköpun atvinnulífsins er undirstaða velmegunar og velferðar í íslensku samfélagi. Og ef einhvern vantar eitthvað merkilegt að lesa núna í sumarfríinu vil ég benda á nýútkomna skýrslu Rannsóknastofnunar atvinnulífsins um skattsvik í ferðaþjónustu. Stofnunin var sett af stað með framlagi

frá Samtökum atvinnulífsins og við vonum að hún eigi eftir að gera sig gildandi í framtíðinni.

Síðastliðið skólaár var sannarlega viðburðaríkur og skemmtilegur tími hér á Bifröst. Ég þakka öllum þeim sem lögðu sitt af mörkum til samfélagsins okkar hér í Norðurárdalnum, nemendum og starfsfólki skólans, hollvinum, fulltrúaráði og stjórn.

Nú skulum við njóta dagsins. Hann er hátíðardagurinn okkar allra. Við horfum vongóð til framtíðarinnar. Okkar bíða tækifærin, hér á Bifröst og alls staðar þar sem Bifrestingar hasla sér völl.

Leggjum rækt við Bifrastargildin.

Lýsum upp tilveruna með Bifrastarglampanum.

Þá farnast okkur vel.

